



## Endurbætur á bílskúr Kistunnar

Minnisblað verkefnastjóra Kistunnar dags. 10.9.2024

Við Kistuna er sambyggður 27fm bílskúr sem hefur ekki verið í annarri notkun síðastliðið ár en sem geymsla sveitarfélagsins.

Núverandi ástand bílskúrsins er slæmt. Bílskúrin er með steypa vegg og mögulega steypa loftplötu en það er ekki alveg vitað. Það er hvorki vatn né rafmagn tengt inn í bílskúr að frátöldum loftljósum, svo hann er ekki upphitaður. Töluverður raki hefur komist í loftplötur og vegg, líklega vegna leka af palli á efri hæð, gólfíð er steyppt og hrátt. Bílskúrin er því að öllu óbreyttu í ónothæfu ástandi.



Með því að gera upp bílskúrin og gera að fjölnota rými gæti sveitarfélagið aukið þjónustustig við íbúa til muna.

Dæmi um þjónustu:

- Mini fablab: Minni iðnaðar og nýsköpunartæki (þrívíddarprentara, laserskurðvél, vínlskery og hitapressa svo eh sé nefnt)
- Tímabundin snyrtistofa: Ef hársnyrtir og/eða snyrtifræðingar vildu leigja rýmið reglulega yfir veturinn til að veita þjónustu.
- Æfingarrými fyrir hljóðfæraleikara: Hægt að leigja tímabundið fyrir æfingar, jafnvel í sambland við hljóðverið inni í Kistunni.
- Listrými: fyrir málningarvinnu, tímabundið gallerí, leirmunavinna eða annað listtengt.

Þar sem rýmið þarf að vera fjölnota og skipta fljótt um hlutverk væri ein útfærslan sú að setja léttan vegg aftarlega á rými (sjá grunnmynd) og þar fyrir aftan væri hægt að geyma það dót sem tilheyrir rýminu. Það fer svo eftir leigjanda að hverju sinni hvaða dót þyrfti



að vera í fremra rými og hvað yrði í geymslu. Framan við léttan vegg yrði svo lítil eldhúsinnrétting með 1-2 vöskum sem leigjandi rýmisins hefði til afnota.

### Gróf kostnaðaráætlun

Verk	Efni	Vinna	Heild
Leki á þaki		750.000	750.000
Frágangur á svölum	1.000.000	1.000.000	2.000.000
Kerfisloft	500.000	100.000	600.000
Veggplötur	400.000	200.000	600.000
Flota gólf ásamt gólfefni	600.000	600.000	1.200.000
Málun	100.000	150.000	250.000
Vatnslagnir	80.000	100.000	180.000
Rafmagn	150.000	800.000	950.000
Innrétting	300.000	150.000	450.000
Léttur veggur	50.000	50.000	100.000
Nýjir gluggar, (3x60 þús)	180.000	160.000	340.000
			<b>7.420.000</b>

Þá þyrfti að skipta um glugga og mögulega saga fyrir auka glugga á austurhlíð skúrsins til að fá birtu inn í rýmið. Eins væri gott að gera hurð til vesturs inn í Kistuna þannig að hægt væri að hafa innangengt inn í Kistuna. Hvort það ætti að leyfa bílskúrshurðinni að vera óbreyttri, klæða hurðina að innan eða fjarlægja hana alveg er spurning. Mögulega nýttist rýmið best með hurðinni en það þarf að koma í ljós þegar málið verður skoðað betur.

Aukaverk	Efni	Vinna	Heild
Hurð inn á stigagang	40.000	80.000	120.000
Gluggi á austurhlíð	70.000	80.000	150.000
Klæða bílskúrshurð	100.000	80.000	180.000
Taka niður bílskúrshurð			500.000

Hér að neðan er þrívíddarmynd af rýminu eins og það gæti mögulega litið út, teiknað í room sketcher. Óskir undirritaðrar eru að sveitarfélagið skoði það að setja fjáragrn í að standsetja bílskúrinn til að hægt sé að nota hann í eitthvað nýtsamlegt. Í framhaldinu er svo hægt að fjármagna verkefni og tækjakaup tengt rýminu með öðrum hætti, meðal annars styrkjum frá samkeppnissjóðum, fyrirtækjum og velunnurum en það er hæpið að geta fjármagnað endurbætur á rýminu með slíkum hætti.



